

Intersectional Approach to Combating Homelessness for Women

Verkefnisnúmer. 101172611-INTERACT-ESF-2023-HOMELESS

Verkefnið er styrkt af Félagsmálasjóði Evrópu plús
(ESF+) á vegum Evrópusambandsins

INTERACT

Fréttabréf Nr. 1

Af hverju skiptir INTERACT máli

Heimilisleysi kvenna í Evrópu er enn oft falið. Margar konur hafa aðra reynslu af heimilisleysi en karlar, þar sem kynbundið ofbeldi, áföll, fátækt, heilsuójöfnuður, umönnunarábyrgð og kerfislæg mismunun marka leiðina. Of oft er ekki brugðist með fullnægjandi hætti við þessum veruleika í almenntri þjónustu við heimilislaust fólk.

INTERACT-verkefnið **miðar að því að efla kynja- og mannréttindamiðaða nálgun á heimilisleysi**. Vinnan byggir á alþjóðlegum gögnum og gagnreyndum starfsvenjum og úrræðum.

INTERACT er styrkt af Félagsmálasjóði Evrópu plús (ESF+) og unnið í alþjóðlegu samstarfi með þátttöku Grikklands, Íslands, Ítalíu, Portúgals, Rúmeníu og Þýskalands.

Landsskýrsla INTERACT

Í október 2025 lauk vinnu við **Landsskýrslu INTERACT**. Hún veitir innsýn í:

- laga- og stefnuramma í hverju landi
- aðgengi að gögnum og upplýsingum um falið heimilisleysi
- þjónustuúrræði og áskoranir innan kerfa
- stöðu samhæfingar og samþættingar þvert á kerfi

Þróun INTERACT-líkansins

Á grundvelli þessarar greiningar hefur samstarfshópurinn lokið við tilraunalíkan INTERACT fyrir íhlutanir sem er aðgengilegt þátttakendum í verkefninu.

Líkanið byggir á fjórum meginreglum:

- kynjamiðaðri nálgun
- samtönnun mismunabreyta
- áfallamiðaðri nálgun
- skaðaminnkun og lágþröskuldþjónustu

Heimilisleysi kvenna er mannréttindamál

INTERACT nálgast heimilisleysi sem málefni sem varðar grundvallarmannréttindi, félagslegt réttlæti og sameiginlega samfélagslega ábyrgð en ekki sem einstaklingsbundið vandamál.

Sameiginlegar áskoranir eru m. a. sundurleit og ósamræmd þjónusta og skortur á kynjamiðaðri þjónustu, en einnig eru dæmi um umbætur sem lofa góðu.

INTERACT styður þróun samþættra, kynja- og áfallamiðaðra og skaðaminnkandi viðbragða við heimilisleysi kvenna í Evrópu.

Þessum meginreglum er ætlað að styðja við aðlögun íhlutana og takast á við siðferðilegar áskoranir í þjónustu ásamt því að bæta aðgengi að húsnæði, heilbrigðisþjónustu og félagslegum stuðningi.

Líkanið skilgreinir einnig INTERACT-staðlana sem eiga að hjálpa til við yfirfærslu þessarar meginreglu yfir í framkvæmd og efla samvinnu, þátttöku og ábyrgðarskyldu.

Nú er komið að innleiðingu tilraunalíkansins

Í næsta áfanga var áhersla á að undirbúa aðlögun og innleiðingu tilraunalíkansins á völdum svæðum.

Í því felst að:

- prófa hvort líkanið er nægilega sveigjanlegt til innleiðingar í ólíku lands- og svæðisbundnu samhengi
- greina þörf fyrir aðlögun
- stuðla að aukinni getu stofnana og þjónustuaðila
- skrá lærdóm sem nýtist til frekari þróunar.

Sú þekking sem verður til á þessu stigi mun styðja við áframhaldandi þróun, miðlun og útbreiðslu verkefnisins.

INTERACT sýnir fram á að árangursrík viðbrögð krefjast skýrra kynjamiðaðra nálgana sem byggja á samvinnun mismunabreyta.

INTERACT stuðlar að samvinnu og samþættingu íhlutana þvert á húsnæðis-, heilbrigðis-, geðheilbrigðis-, félags- og vímuefnaþjónustu sem og þjónustu vegna kynbundins ofbeldis.

Styrkt af Evrópusambandinu

Skoðanir og viðhorf sem koma fram eru þó eingöngu á ábyrgð höfunda og endurspeglar ekki endilega afstöðu Evrópusambandsins eða Framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins. Hvorki Evrópusambandið né styrkveitandi bera ábyrgð á þeim.